



## **„Vesturbærinn minn í námi og leik“**

*Þróunarverkefni um læsi í víðum skilningi*

**Nafn skóla:** Vesturborg

**Nafn verkefnis:** Vesturbærinn minn í námi og leik

**Nafn verkefnisstjóra:** Hallgerður Gunnarsdóttir

## Markmið

- Að efla umhverfisvitund barnanna á sínu nánasta umhverfi.
- Að börnin á Vesturborg verði læs á umhverfi sitt, kynnist stofnunum í sínu nánasta umhverfi og finni sig örugg þegar þau byrja í skóla.
- Að börnin hreyfi sig á fjölbreyttan hátt með því að vera í samstarfi við íþróttastofnanir og með gönguferðum í nánasta umhverfi.
- Að kennarar temji sér fjölbreyttar kennsluáferðir.

## Leiðir að markmiðum

Í byrjun var sest niður og farið yfir þá þætti sem kæmu til greina í verkefninu. Verkefnið átti að vera fjölbreytt og lifandi, því þurftum við að leita eftir fjölbreyttum og ólíkum samstarfsaðilum. Næst var farið í að hafa samband við ýmsa aðila í hverfinu og þeim boðið að vera með í verkefninu. Allir sem við höfðum samband við gáfu okkur jákvæð svör, en vildu vita meira áður en lengra yrði haldið. Á endanum var ákveðið að vera í samstarfi við fjórar mismunandi stofnanir; Íþróttafélagið KR, Dvalarheimilið Grund, Sundlaug Vesturbæjar og Þjóðminjasafnið.

Deildarstjórar á hverri deild tóku að sér að koma upplýsingum um verkefnið til starfsmanna á sínum deildum og úthlutuðu verkefnum. Ljóst var frá upphafi að elsta deildin yrði í mestu samstarfi við KR og Sundlaug Vesturbæjar. Strax í byrjun settum við niður fasta íþróttatíma í KR. Það hjálpaði okkur mikið að ná settum markmiðum og standast tímaáætlun. Í byrjun verkefnis ákváðum við strax að heimsækja Þjóðminjasafnið í kringum viðburði og hátíðir, eins og jól og þorra. Stóðst það áætlun og börnin gátu sótt sér ýmiskonar fróðleik á safnið í þessum skipulögðum ferðum okkar.

## Frávik og hindranir

Það sem helst varð útundan í verkefninu voru yngstu börnin á leikskólanum. Í áætlunargerð okkar var stefnt á að hafa alla aldurshópa með í verkefninu og að hver hópstjóri fylgdi sínum hópi. Vegna tímaskorts og manneklu var erfiðara að fara með yngri börnin því þau þurfa að fylgja rúttínu varðandi matartíma og svefn. Mannabreytingar hafa einnig átt sér stað á leikskólanum og því átti til að gleymast að útskýra og segja nýju starfsfólki frá verkefninu. Tengiliðir okkar við samstarfsaðilana hafa líka hætt, og þá hefur í einhverjum tilvikum þurft að hafa upp á nýjum sem hafa tekið verkið að sér. Í öllum tilfellum hefur það gengið vel og ekki haft áhrif á verkefnið. Eins hefur mannekla haft áhrif á, að ekki hefur alltaf verið farið í KR. Það hefur þó ekki gerst oft, mest veturinn 2012.

## Mat og ávinningur af verkefninu

Mat þeirra aðila sem tóku þátt í verkefninu gaf góða mynd um hvort það hafi m.a haft áhrif á skólastarfið í heild. Foreldrar hafa verið afar jákvæðir og ánægðir með alla þætti verkefnisins og hafa lýst því yfir á fundum, sem og við starfsmenn á deildum, að þeim þyki full ástæða til að halda áfram með verkefnið þó því ljúki formlega á einhverjum tímapunkti.

Óformlegt mat þar sem foreldrar voru beðnir um að segja nokkur orð um verkefnið gerði það að verkum, að við sannfærðumst enn frekar um að verkefnið væri að skila því sem það átti að gera. Allir lýstu ánægju sinni á verkefninu og vildu að það héldi áfram sem lengst. Margir foreldrar töluðu um að börnin þeirra hafi yfirstigið vatnshræðslu sína með því að sækja sundnám-skeiðin með aðstoð leikskólans.

Starfsfólk og kennarar hafa verið ánægðir með þá tilbreytingu sem verkefnið býður upp á. Verkefnið var metið á sameiginlegum starfsmannafundum á tveggja ára tímabili og var starfsfólk almennt mjög ánægt með verkefnið og hversu fjölbreyttar leiðir það biði upp á.

Þegar rætt var við börnin um verkefnið kom í ljós að almenn ánægja var með alla þætti verkefnisins. Ljóst er að það hefur haft mjög jákvæð áhrif á

börnin og kennt þeim mikið. Þau sögðust vera ánægð með sundnámskeiðið og margir sögðust hafa lært að kafa á námskeiðinu. Það sem flestum þótti skemmtilegast við samstarfið við Dvalarheimilið Grund var það að syngja og dansa með fólkinu eins og þau sögðu sjálf og líka að hitta fólkið. Einn drengurinn sagði að það sem honum þætti skemmtilegast væri að hitta ömmu sína.

Þegar við spurðum elsta hópinn hvað þeim þætti skemmtilegast í KR sögðu flestir að þeim þætti allt gaman í KR. Nokkrir tiltóku þó að það væri skemmtilegast í leikjum og í köðlunum. Þegar við spurðum hópinn hvort þau gætu ratað á alla þessa staði einsömul sögðu flest að þau gætu það sko alveg.

Samstarfsaðilar okkar fjórir fögnuðu þessu, og hvöttu okkur til að halda áfram óformlegu samstarfi á sömu braut. Þjóðminjasafnið og Grund vilja efla samstarfið til muna sem við fögnum og teljum við það til marks um að við séum á réttri braut.

## Niðurstöður verkefnisins

Í heild þá er mjög mikil ánægja með verkefnið. Allir á leikskólanum eru sammála um að halda áfram samstarfi við alla samstarfsaðilana og jafnvel að leita eftir fleirum til samstarfs. Verkefnið byggði á tveimur þáttum. Læsi í víðum skilning og fjölbreyttum kennsluaðferðum. Við teljum að þessir þættir hafi náðst mjög vel með verkefninu. Því má segja að mörg markmið okkar hafi náðst, þó frávík hafi einnig komið fram í öllu ferlinu.

Allir aðilar ætla að halda áfram og verður því verkefninu haldið áfram og vonandi heldur það áfram að þróast. Í vor munum við skrá börnin á elstu deildinni á sundnámskeið eins og áður og mun það vonandi gefa okkur jafn mikið og undanfarin ár; kennurum, börnum og foreldrum. Í sumar munum við taka okkur sumarfrí frá KR en byrja aftur af krafti einu sinni í viku n.k. haust. Vinum okkar á Grund munum við heimsækja reglulega áfram og dansa, syngja og skemmta okkur með þeim. Því má segja að verkefnið hafi komið okkur upp góðum grunni, sem við munum leggja rækt við um ókomna tíð. Því verkefnið er þess eðlis að þó svo maður komi í manns stað, þá getur óreyndur einstaklingur hoppað inn í verkefnið og haldið áfram þar sem frá var horfið.

Verkefnisstjóri hefur kynnt verkefnið með fyrirlestri fyrir öðrum leikskólum. Einnig hafa foreldrar fengið að fylgjast vel með á heimasíðu leikskólans en þar eru reglulega settar inn myndir af íþróttatímum í KR og heimsóknum á Grund o.s.frv. Við höfum sent inn fréttir og myndir í Vesturbæjarblaðið, þar sem við höfum sagt frá heimsóknum okkar og samstarfsaðilum í máli og myndum. Að öðru leyti hefur ekki verið ákveðið hvernig verkefnið verður kynnt frekar.

*Reykjavík mars 2012*